

**Fundargerð 18. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 11. nóvember 2015 kl. 9.30**

**Dagskrá:**

1. Dagskrá samráðsfundar 13. nóvember 2015.
2. Upplýsingaskil. Framvindugreiðslur og árlegar greinargerðir.
3. "Þátttaka tengdra aðila" (sbr. 8. gr. samninga vegna uppbyggingarsjóða).
4. Þróun framlaga ríkisins 2007-2015.
5. Samstarf landshlutasamtaka og stýrihóps.
6. Önnur mál.

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Egilsstöðum (fram að lið 7, önnur mál).

**Fjarverandi:** Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þór G. Þórarinsson (VEL).

Fundargerð 17. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Dagskrá samráðsfundar 13. nóvember 2015**

Drög að dagskrá samráðsfundar stýrihópsins og landshlutasamtakanna var send til þátttakenda 6. nóvember sl. Stýrihópurinn samþykkir tillögu að dagskrá.

**2. Upplýsingaskil. Framvindugreiðslur og árlegar greinargerðir**

Drög að eyðublaði sem landshlutasamtök sveitarfélaga þurfa að fylla út vegna beiðni um framvindugreiðslur og drög að ramma fyrir árlegar greinargerðir höfðu verið send út fyrir fundinn. Formaður og verkefnastjóri greindu frá fundi sem þær áttu með atvinnuþróunarfélögum þann 5. nóvember sl. í Keflavík. Þar voru drögin kynnt og almennt vel tekið í þau. Á þeim fund voru einnig meirihluti framkvæmdastjóra og menningarfulltrúa landshlutasamtaka.

Drögin voru rædd. Stýrihópurinn gerir engar athugasemdir við þau, en leggur til að bætt verði við í drög að árlegum greinargerðum beiðni um upplýsingar um þrjú til fimm „fyrirmyndarverkefni“ sem fengið hafa stuðning uppbyggingarsjóðs og að greint verði frá samstarfsverkefnum á milli landshluta þar sem það á við.

Upplýsingaskilin verða rædd á samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtakanna í lok vikunnar.

Rætt var almennt um skráningar á styrkveitingum ríkisins og mikilvægi þess að geta greint hvert fjármunir fara. Í því sambandi var rætt um að skáning upplýsinga þyrfti að vera sem mest samræmd og hvort ástæða væri til að setja á laggirnar starfshóp sem geri tillögur um verklag þvert á ráðuneyti varðandi skráningar á styrkveitingum í bókhaldskerfið Orra. Í tengslum við þessa umræðu var einnig rætt um ókosti þess að landinu er skipt með mismunandi hætti í hin ýmsu umdæmi, svo sem heilbrigðisumdæmi og hagskýrsluumdæmi.

### **3. "Þátttaka tengdra aðila"**

Samningar um sóknaráætlanir landshluta (8. grein) kveða á um að „stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af uppbyggingarsjóði landshlutans.“ Á fundum stýrihóps með einstökum landshlutasamtökum í haust kom í ljós að landshlutarnir túlka þessa grein með ólíkum hætti, enda gefur hún færi á því. Óskað var eftir því að þessi grein yrði rædd sérstaklega á samráðsfundinum þann 13. nóvember og verður það gert.

Fram kom að þetta ákvæði kom inn í samninginn að frumkvæði landshlutasamtaka. Stýrihópurinn er sammála um að það sé í höndum úthlutunarnefnda eða stjórna landshlutasamtaka í hverjum landshluta að ákveða hvernig farið er með þetta ákvæði.

### **4. Þróun framlaga ríkisins 2007-2015**

Verkefnastjóri lagði fram, til kynningar, drög að töflu þar sem fram koma upplýsingar um framlög ríkisins til mála sem tengjast núverandi sóknaráætlun, svo sem framlög til menningar- og vaxtarsamninga. Upplýsingarnar ná aftur til ársins 2008 og er tilgangur með samantektinni að fylgjast með þróun framlaganna, enda segir í samningum um sóknaráætlanir að samningsaðilar skuldbindi sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum. Drögin verða lögð fram til kynningar á samráðsfundi með landshlutasamtökunum 13. nóvember.

### **5. Samstarf landshlutasamtaka og stýrihóps**

Á samráðsfundinum þann 13. nóvember verður rætt um samstarf landshlutasamtakanna og stýrihópsins. Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála hjá SSA, verður með stutt innlegg fyrir hönd landshlutasamtakanna.

### **6. Önnur mál**

#### *a) Erindi frá Eyþingi*

Kynnt var erindi frá framkvæmdastjóra Eyþings, dags. 9. nóvember sl., þar sem þess er óskað að stýrihópurinn taki afstöðu til tillagna sem unnar voru af starfsmanni og verkefnisstjórum uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra fyrir stjórn Eyþings að beiðni formanns og framkvæmdastjóra.

Stýrihópurinn er sammála um að tillaga um niðurlagningu úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs gangi gegn ákvæðum samnings um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegri úthlutunarnefnd. Landshlutasamtökunum er hins vegar heimilt að skipa fagráð í einstökum málaflokkum. Aðrir þættir erindisins ræddir og formanni og verkefnastjóra falið að svara erindinu á grundvelli niðurstaðna umræðna.

#### *b) Norðvesturnefndin*

Fulltrúi forsætisráðuneytis greindi frá stöðu mála hvað varðar tillögur Norðvesturnefndarinnar.

*c) Áskorun frá landshlutasamtökum sveitarfélaga*

Sameiginlega áskorun allra landshlutasamtaka sveitarfélaga til ráðherra og alþingismanna, dags. 9. nóvember 2015, var lögð fram til kynningar. Þar skora landshlutasamtökin á ráðamenn að tryggja, við gerð fjárlaga fyrir árið 2016, aukin framlög til fimm málaflokka sem er mikilvægir fyrir byggðapróun og eru sóknaráætlanir þar á meðal. Stýrihópurinn fagnar áskoruninni.

*d) Næsti fundur stýrihóps*

Næsti fundur stýrihóps ákveðinn miðvikudaginn 9. desember kl. 10.00-12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.40.